

Spurningar til ungmennaráða sveitarfélaga um framtíð skólastarfs



Skólalæing sveitarfélaga, sem haldið er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fer fram 4. nóv. nk. Á skólalæingi að þessu sinni verður kastljósinu beint að **skipan skólakerfis okkar, allt frá leikskólastigi og upp úr.** Sambandið leitar eftir skoðunum og sýn ungs fólks á skólakerfi framtíðar inn í umræðuna og sendir með fjórar spurningar. Samantekt úr niðurstöðum og tillögum ungmennaráða verða gerð skil á skólalæinginu. Ef þið getið skilað inn „vídeóklippu“ með tillögum ykkar (2-3 mín.) þá væri það afbragð.

Sambandið hvetur sveitarfélög til þess að bjóða ungmennaráðsfulltrúa þátttöku á skólalæinginu.

Fjórar spurningar sem sambandið biður um að fá umfjöllun í ungmennaráðinu:

1. Ef þið ættuð að búa til íslenskt skólakerfi (0-25 ára) frá grunni hvernig mynduð þið vilja hafa það? [Nú höfum við leikskóla (til og með fimm ára), grunnskóla (6-16), og framhaldsskóla með mismögum brautum, svo tekur við háskólanám hjá mörgum.]
2. Spurt var um kerfið í fyrstu spurningu. Nú er spurt um inntak náms og vinnulag. Ætti að kenna annað efni eða rækta aðra færni en við gerum nú? Hvað teljið þið mikilvægast fyrir ykkur að læra og hvernig viljið þið helst læra?
3. Ef þið viljið breytingar af hverju haldið þið að tillögur ykkar geti hentað nemendum og samfélaginu betur en núverandi kerfi?
4. Þið hafið möguleika á að koma einni af hugmyndum ykkar til framkvæmda. Hver er mikilvægust og hvers vegna? Hvað mynduð láta hafa forgang í umbótum á skólastarfi?

Vinsamlegast sendið inn tillögur á netfangið: svandis@samband.is fyrir 5. október.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Svandís Ingimundardóttir,
skólamálafultrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga